

HAFNARFJÖRÐUR

Kinnar, íbúðahverfi

Hafnarfirði

Húsakönnun



HAFNARFJÖRÐUR 2020

Unnið samkvæmt beiðni Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar.

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt FAÍ vann skráninguna.

Björn Pétursson bæjarminjavörður Hafnarfjarðar skrifaði sögulega samantekt.

Málfríður Kristjánsdóttir skrifaði um uppbyggingu hverfisins

Rósa Karen Borgþórsdóttir safnvörður á Byggðasafni Hafnarfjarðar aflaði sögulegra upplýsinga.

Elsa Jónsdóttir landfræðingur hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar aðstoðaði við gerð korta.

Málfríður Kristjánsdóttir tók ljósmyndir frá febrúar og til maí 2020.

Forsíðumynd: Ágeir Kr. Sörensen

Efnisyfirlit

1. Formáli	1
2. Söguleg samantekt.....	2
3.Uppbygging hverfisins.....	3
4.Kort	4
Deiliskipulag 1951	4
Friðuð hús.....	5
Hverfisvernd	6
Varðveislumat húsa	7
Byggingarár húsa	8
Hönnuðir húsa	9
Hnitaskrá	10
Heimildaskrá.....	11
5.Húsaskráning	12
Brattakinn.....	12
Fagakinn	44
Grænakinn	74
Háakinn.....	101
Kaldakinn	111
Lækjarkinn	140
Stekkjarkinn	155

Formáli

Í janúar 2018 fól Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar Málfríði Kristjánsdóttur arkitekt að gera húsaskráningu fyrir Kinnarnar í Hafnarfirði. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig.

Svæðið sem um ræðir er á milli kirkjugarðs Hafnarfjarðar og Hringbrautar en Lækurinn er norðan við byggðina. Fyrsta deiliskipulag svæðisins er frá árinu 1951 en síðasti skipulagsuppdrátturinn er frá árinu 2007. Fyrirhugað er að endurskoða það skipulag.

Minjastofnun Íslands lagði til húsaskráningarforrit og hefur veitt leiðbeiningar. Byggðasafn Hafnarfjarðar veitti aðgang að ljósmyndum og aðstoðaði við skráningu á sögu einstakra húsa. Hefur framlag safnsins verið ómetanlegt. Þá hafði höfundur skráningar ótakmarkað aðgengi að teikningasafni og skráðum heimildum byggingafulltrúaembættisins. Allar brunavirðingar fyrir tímabilið þegar Kinnarnar voru í uppbyggingu eru glataðar. Öll hús voru ljósmynduð og skoðuð á staðnum.

Skráningin tekur alls til 153 bygginga. Þar af voru 9 friðaðar samkvæmt 29. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012. Ellefu hús við Bröttukinn hafa verið flutt þangað og við Grænukeinn er eitt flutningshús.

Samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er hverfisverndarákvæði um Kinnarnar sem hljóðar svo : „Smágerður mælikvarði sem einkennir hverfið haldist óbreyttur og þar með byggðamynstur hverfisins sem er heillegt og gott dæmi um einbýlishús byggð um 1950“.

Varðveislumat húsanna á svæðinu er almennt hátt með tilliti til hverfisverndarákvæðisins og tilurð húsanna. Það er mikilvægt að breytingar og viðbyggingar séu hóflegar og í samræmi við götumyndir.

Söguleg samantekt

Á eftirstríðsárunum var nokkur húsnæðisskortur í Hafnarfirði sem brugðist var við með ýmsum hætti. Meðal þeirra úrræða sem gripið var til á þessum tíma var að skipuleggja smáibúðahverfi í nýju hverfi sem kallað var „Kinnarnar“. Umrætt landsvæði tilheyrði einni af hinum fornu fjórum bújörðum Hafnarfjarðar, Hamarskoti en sú jörð var keypt af bæjarsjóði Hafnarfjarðar árið 1912 að undanskildu Hamarskotstúni innan girðingar og Undirhamarskotstúnbletti. Fyrstu heimildir um jörðina eru frá árinu 1579 en þá hafði hún fyrir all löngu verið komin í eigu Garðakirkju. Í Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703 er jarðardýrleiki talinn óviss þar sem jörðin tíundaðist engum en landskuld hennar var þá 60 álnir sem greiddust með 3 vættum fiska í kaupstað, engjar voru engar og vatnsból erfitt um vetur en þar var þó heimræði árið um kring og lending góð.¹ Bærinn Hamarskot stóð þar sem Flensborgarskólinn stendur í dag.

Áður en uppbygging Kinnahverfisins hófst var landsvæðið nýtt um tíma til landbúnaðar. Þar stóð meðal annars allstórt fjós og hlaða sem byggt var 1931. Fjósið var byggt af og eftir teikningu Ásgeirs G. Stefánssonar fyrir Þorstein Björnsson. Þess má geta að Ásgeir teiknaði bæði og byggði fjölmörg hús í bænum á þessum árum. Fjós þetta vék fyrir byggðinni þegar hún tók að myndast í hverfinu.

Segja má að uppbygging Kinnahverfisins hafi hafist árið 1947 þegar fyrstu húsin voru byggð við Köldukinn. Flutningshús voru flutt á svæðið og sett niður árið 1949 en formlegt skipulag fyrir hverfið var ekki samþykkt fyrr en í desember 1951. Í frétt í Alþýðublaðinu frá þeim tíma segir meðal annars: „Milli 40 og 50 umsóknir um smáhúsaloðir í Hafnarfirði. Sérstakt hverfi ætlað húsunum, en bærinn leggur til teikningar ókeypis. /.../ Hafnarfjarðarbær hefur skipulagt sérstakt hverfi fyrir þessi hús ofarlega í bænum þar, sem eru svo kallaðar Kinnar. /.../ Þeir sem þess óska geta fengið ókeypis teikningar að húsum þessum hjá bænum, en einnig er þeim leyfilegt að láta teikna hús eftir eigin fyrirsöng.“² Nokkuð var um að eldri hús í bænum væru flutt í hverfið og olli það í sumum tilfellum deildum. Dæmi um það er hús sem áður var Reykjavíkurvegur 4 en það þurfti að víkja þaðan vegna breikkunar götunnar. Þá sendu fjöldi íbúa hverfisins bréf til bæjarins til að mótmæla þeim flutningi en í frétt Alþýðublaðsins sagði meðal annars um það mál „Hafnarfjörður fer að verða furðulegur bær. Ætli menn að byggja bílskúr, verða þeir að hlíta ströngum reglum byggingarsamþykktar en Pétur og Páll viðrast geta dröslað aflógahjöllum eftirlitslaust á grunna, a.m.k. í Kinnahverfinu. Flutningur Finnshúss upp í Grænukeinn er bæjarstjórnarhneyksli og fyrir það veður „eigandi“ hússins ekki sóttur til saka.“³

Deiliskipulagsuppdrátturinn af svæðinu var gerður af þeim Sigurði Jóni Ólafssyni og Friðþjófi Sigurðssyni og afmarkaðist þá af Hringbraut, Bárúkinn og læknum að norðan. Eins og fram kemur hér að framan var lóðarhöfum boðið að fá húsateikningar þeim að kostnaðarlausu frá bænum og varð úr að um þriðjungur húsa í þessu hverfi, 55 talsins, var byggður eftir þeim teikningum. Teikningarnar voru eftir þá Friðþjóf og Sigurð og gefa þessi hús og þéttleiki byggðarinnar í hverfinu því ákveðin heildarsvip. Aldur húsa í hverfinu er að stærstum hluta frá miðri 20. öld en þó eru nokkur hús eldri sem flutt voru þangað og einnig er þar að finna nýleg hús. Yngstu húsin voru byggð undir aldamótin 2000 eftir að Pípugerð Jóns Guðnasonar við Bröttukinn 1 vék fyrir nýjum húsum en hún hafði verið starfrækt á þeim stað allt frá árinu 1929.

¹ Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gullbringu- og Kjósarsýsla, 3. bindi, bls. 174

² Alþýðublaðið, 04. 11. 1951, bls. 1

³ Alþýðublaðið, 16. 08. 1966, bls. 5

Uppbygging hverfisins

Sigurður Jón Ólafsson og Friðþjófur Sigurðsson gerðu fyrsta deiliskipulagsuppráttinn af svæðinu og var hann samþykktur 13. desember 1951. Svæðið var milli Hringbrautar og Bárúkinnar en að norðan var Lækurinn. Þá voru 11 hús á svæðinu, þar af 5 aðflutt.

Það má telja þá Sigurð og Friðþjóf feður byggðarinnar. Sigurður var bæjarverkfræðingur og byggingafulltrúi frá 1946-1959 en Friðþjófur var loftskammtamaður sem vann á þessum tíma við tæknistörf hjá Hafnarfjarðarbæ og varð síðan byggingafulltrúi í eitt ár 1961 og síðan frá árinu 1967. Samtals teiknuðu þeir 55 hús eða yfir en einn þriðja hluta allra húsa á svæðinu. Þetta átti sinn þátt að gefa hverfinu heildarsvip.

Fyrstu nýbyggingarnar í Kinnunum voru við Köldukinn nr. 7, 8 og 10 frá árinu 1947 en tveim árum síðar var farið að flytja þangað hús sem voru sett niður við Bröttukinn.

Hverfið byggist upp á sama tíma og smáíbúðahverfið í Reykjavík en borgarstjórn Reykjavíkur hélt samkeppni meðal arkitekta um smáhús og vann Gunnar Ólafsson arkitekt þá samkeppni. Tvö hús voru byggð samkvæmt hans teikningu annað við Köldukinn en hitt við Grænukeppni. Bæði húsín eru mikið breytt í dag. Þá voru byggð fjögur hús eftir teikningu Guttorms Andrjessonar og Ólafs Guttormssonar sem einnig hafði verið byggt eftir í smáíbúðahverfinu.

Flest húsín á svæðinu risu á árunum 1951-1955 eða samtals 76 hús. Fyrstu húsín austan Bárúkinnar voru flutningshús við Bröttukinn og eftir 1954 hófst uppbygging fyrst við Háukinn og Grænukeppni og síðan Stekkjarkinn. Uppbygging austan Bárúkinnar var hægari en var að mestu lokið 1970. Síðast var byggt á eignalóðum við Fögrukinn og Lækjarkinn.

Á þeim tíma sem hverfið var í byggingu var mikill húsnæðisskortur og innflutningshöft þar sem gjaldeyrir var af skornum skammti. Frá árinu 1947 giltu lög um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit en þá var heimilt að byggja íbúðarhús til eign afnota án fjárfestingaleyfis ef stærð þess fór ekki yfir 350 rúmmetra. Fjárhagsráð var lagt niður í lok árs 1953 og þá var gert frjálst að byggja hús allt að 520 rúmmetra.

Mismunandi þættir sköpuðu þetta þetta byggðamynstur með þéttri byggð svo sem húsnæðisskortur, innflutningshöft, starfsemi fjárhagsráðs og teikningar af litlum einföldum einbýlis- og tvíbýlishúsum.

Skipulag Kinnanna

1:1000




*Samþykkt 13. dec. 1951
Stjórnspennuq.*

Hafnarfirdi 1 sept. '51

Sig. J. Ólafsson



S. Sigurðsson

Kinnar Hafnarfjörður
Verndarflokkur:
Fríðuð hús, eldri en 100 ára




Kinnar Hafnarfjörður
Húsaþrá
Hverfisvernd

Varðveislugerð
heild




Kinnar Hafnarfjörður
Húsakrá
Varðveislumat húsa




Hátt varðveislugildi

Miðlungs varðveislugildi

Lágt varðveislugildi



Kinnar Hafnarfjörður
Húsaþrá
Byggingarár húsa



Kinnar Hafnarfjörður

Húsaskrá



Hönnuðir húsa

Fríðbjófur Sigurðsson

Sigurður Jón Ólafsson

Fríðbjófur Sigurðsson og

Sigurður Jón Ólafsson



Kinnar Hafnarfjörður

Húsnúmer

Hnit húsa- hnitaskrá í hnitakrefi ISN93

AUSTUR	NORÐUR	HEITI
356343.592	398993.932	Hákinn_1
356324.356	398968.695	Hákinn_2
356356.113	398969.266	Hákinn_3
356338.108	398952.545	Hákinn_4
356367.718	398955.272	Hákinn_5
356350.029	398937.739	Hákinn_6
356380.870	398938.982	Hákinn_7
356362.938	398923.037	Hákinn_8
356394.622	398922.832	Hákinn_9
356374.683	398908.443	Hákinn_10
356254.525	399177.268	Kaldakinn_1
356235.078	399161.856	Kaldakinn_2
356265.982	399162.711	Kaldakinn_3
356245.483	399147.582	Kaldakinn_4
356278.542	399147.445	Kaldakinn_5
356259.344	399132.596	Kaldakinn_6
356292.300	399133.446	Kaldakinn_7
356271.931	399116.554	Kaldakinn_8
356304.288	399117.264	Kaldakinn_9
356284.064	399101.924	Kaldakinn_10
356315.681	399103.095	Kaldakinn_11
356296.937	399086.834	Kaldakinn_12
356328.657	399087.016	Kaldakinn_13
356308.821	399071.640	Kaldakinn_14
356340.578	399072.210	Kaldakinn_15
356320.991	399057.398	Kaldakinn_16
356352.674	399057.193	Kaldakinn_17
356335.058	399040.436	Kaldakinn_18
356366.814	399041.006	Kaldakinn_19
356347.652	399026.546	Kaldakinn_20
356386.342	399018.312	Kaldakinn_21
356367.246	399002.476	Kaldakinn_22
356398.299	399003.894	Kaldakinn_23
356379.307	398987.070	Kaldakinn_24
356409.905	398989.900	Kaldakinn_25
356391.264	398972.652	Kaldakinn_26
356403.609	398958.198	Kaldakinn_28
356435.371	398960.920	Kaldakinn_29
356416.585	398942.120	Kaldakinn_30
356513.180	399001.615	Stekjarkinn_1
356513.770	398987.290	Stekjarkinn_2
356498.215	398975.821	Stekjarkinn_3
356482.472	398960.260	Stekjarkinn_4
356470.414	398950.618	Stekjarkinn_5
356452.700	398937.001	Stekjarkinn_6
356435.442	398921.973	Stekjarkinn_7
356424.542	398910.071	Stekjarkinn_8
356406.871	398898.994	Stekjarkinn_9
356391.206	398886.361	Stekjarkinn_10
356295.693	399213.557	Brattakinn_1
356276.731	399194.988	Brattakinn_2
356308.529	399198.079	Brattakinn_3
356287.912	399180.623	Brattakinn_4
356279.353	399182.005	Brattakinn_5
356300.712	399164.756	Brattakinn_6
356333.177	399166.631	Brattakinn_7
356312.887	399152.666	Brattakinn_8
356343.794	399152.533	Brattakinn_9
356325.651	399136.412	Brattakinn_10
356359.693	399134.226	Brattakinn_11
356338.099	399120.970	Brattakinn_12
356367.393	399124.509	Brattakinn_13
356351.081	399107.044	Brattakinn_14
356378.714	399109.563	Brattakinn_15
356364.402	399088.390	Brattakinn_16
356389.549	399097.794	Brattakinn_17
356375.516	399075.420	Brattakinn_18
356398.408	399085.816	Brattakinn_19
356388.425	399060.718	Brattakinn_20
356408.291	399074.331	Brattakinn_21
356408.093	399037.424	Brattakinn_22
356424.442	399055.277	Brattakinn_23
356419.941	399021.842	Brattakinn_24
356435.805	399042.871	Brattakinn_25
356433.026	399006.928	Brattakinn_26
356444.451	399030.718	Brattakinn_27
356446.814	398991.166	Brattakinn_28
356453.631	399020.080	Brattakinn_29
356456.795	398976.540	Brattakinn_30
356466.468	399004.602	Brattakinn_31
356476.418	398991.741	Brattakinn_33
356337.801	399245.257	Grænakinn_1
356316.377	399229.637	Grænakinn_2
356348.666	399231.723	Grænakinn_3
356328.510	399215.007	Grænakinn_4
356362.279	399216.173	Grænakinn_5
356341.528	399201.469	Grænakinn_6
356374.976	399201.295	Grænakinn_7
356354.116	399185.427	Grænakinn_8
356387.776	399185.429	Grænakinn_9
356367.376	399170.301	Grænakinn_10
356398.605	399171.507	Grænakinn_11
356378.661	399154.967	Grænakinn_12
356390.939	399141.889	Grænakinn_13
356427.697	399139.451	Grænakinn_14
356403.981	399124.435	Grænakinn_15
356439.442	399124.857	Grænakinn_17
356416.927	399110.121	Grænakinn_18
356449.599	399110.019	Grænakinn_19
356429.690	399093.867	Grænakinn_20
356467.471	399088.457	Grænakinn_21
356449.709	399070.149	Grænakinn_22
356481.471	399072.871	Grænakinn_23
356461.284	399057.919	Grænakinn_24
356474.612	399041.416	Grænakinn_26
356505.344	399041.495	Grænakinn_27
356486.672	399026.011	Grænakinn_28
356498.593	399011.205	Grænakinn_30
356373.307	399275.419	Fagrakinn_1
356354.283	399260.358	Fagrakinn_2
356368.500	399261.668	Fagrakinn_3
356366.701	399246.680	Fagrakinn_4
356398.597	399246.651	Fagrakinn_5
356379.926	399231.166	Fagrakinn_6
356410.906	399231.809	Fagrakinn_7
356392.307	399217.100	Fagrakinn_8
356424.342	399216.470	Fagrakinn_9
356404.719	399201.270	Fagrakinn_10
356435.875	399201.700	Fagrakinn_11
356416.537	399187.452	Fagrakinn_12
356449.027	399185.410	Fagrakinn_13
356430.076	399171.126	Fagrakinn_14
356461.869	399172.084	Fagrakinn_15
356442.276	399155.120	Fagrakinn_16
356351.081	399131.595	Lækjarkinn_22
356353.364	399117.565	Lækjarkinn_24
356547.988	399101.911	Lækjarkinn_26
356558.781	399087.601	Lækjarkinn_28
356573.400	399066.087	Lækjarkinn_30
356391.596	399293.091	Lækjarkinn_2
356404.292	399278.213	Lækjarkinn_4
356417.232	399261.747	Lækjarkinn_6
356429.504	399246.517	Lækjarkinn_8
356441.255	399234.075	Lækjarkinn_10
356454.013	399215.669	Lækjarkinn_12
356465.339	399202.875	Lækjarkinn_14
356477.581	399189.409	Lækjarkinn_16
356490.982	399173.683	Lækjarkinn_18
356504.236	399156.405	Lækjarkinn_20
356391.596	399293.091	Lækjarkinn_2
356404.292	399278.213	Lækjarkinn_4
356417.232	399261.747	Lækjarkinn_6
356429.504	399246.517	Lækjarkinn_8
356441.255	399234.075	Lækjarkinn_10
356454.013	399215.669	Lækjarkinn_12
356465.339	399202.875	Lækjarkinn_14
356477.581	399189.409	Lækjarkinn_16
356490.982	399173.683	Lækjarkinn_18
356504.236	399156.405	Lækjarkinn_20



Heimildaskrá:

Ásgeir Guðmundsson (1983), *Saga Hafnarfjarðar 1908-1983*, Skuggsjá

Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, (2014), Hafnarfjörður

Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gullbringu- og Kjósarsýsla, 3. bindi

Sigurður Skúlason (1933), *Saga Hafnarfjarðar*, Félagsprentsmiðjan

Steinar og sterkir litir, svipmyndir 16 myndlistarmanna (1965) Skálholt h.f.

Símaskrár (1957, 1961, 1974), Póst- og símamálastjórnin

Alþýðublaðið, 16.08.1946, bls. 5

Alþýðublaðið, 04. 11. 1951, bls. 1

Alþýðublaðið, 16. 08. 1966, bls. 5

Brunavirðingar: Virðingabækur Brunabótafélags Íslands A – N.

Dagbók byggingarfulltrúans í Hafnarfirði 1927 - 1942

Fasteignaskrá/Þjóðskrá Íslands skra.is

Fundagerðir Byggingarnefndar 1917-1946

Fundagerðir byggingarnefndar 1947-1975

Lóða- og byggingaumsóknir: Fágæti, Bókasafn Hafnarfjarðar.

Manntalsskrá Hafnarfjarðar 1913 - 1917, 1924 - 2000

Sóknarmanntal Garðaprestakalls 1821 - 1935

Teikningasafn byggingarfulltrúans í Hafnarfirði

Sóknarmanntal Garðaprestakalls 1821 - 1935

Gardur.is

Islendingabok.is

Ja.is

Timarit.is

Fyrsti eigandi: Fagtak hf.

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Sigurður Þorvarðarson. byggingafræðingur

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Aldamótahús



ÚTLIT SUÐVESTUR MKV. 1:100

Teikning 1995



Febrúar 2020. M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Hraunað	Hraunað		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Þakstál	Þakstál		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft; Svalir; Útskot (karnap)	Tvílyft; Svalir; Útskot (karnap)		

Saga:

Eitt af fjórum nýlegum húsunum byggðum á sama tíma á svæðinu. Stærð og form hússins tekur mið af umhverfinu.

Á þessum stað eða þar sem nú er Brattakinn 1 og 3, Grænakinn 2 og 4 stóð áður Pípugerð Jóns Guðnasonar frá 1947 fram til ársins 1984 að hún stóð í vegi fyrir skipulaginu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Hús þar sem stærð og þakform tekur mið af umhverfinu.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið nýlegt og hefur ekki skapað sér sögu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hornhús á svæði með hverfisverndarákvæði.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verið breytt
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er tiltölulega nýtt.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Hverfisverndarákvæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025: Smágerður mælikvarði sem einkennir hverfið haldist óbreyttur og þar með byggðamynstur hverfisins o.s.frv.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Karl Ágústsson
 Hönnuður: Karl Ágústsson
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt steypthús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Norðaustur

Teikning 1952



Febrúar 2020. M.K:

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypthús	Steinsteypthús	1968 Leyfð breyting á gluggapóstum	
Útveggir:	Múrsléttað	Steniklæðning		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak	2005 Hækkað um eina hæð og útbygging til suðurs.	Jón Halldórsson, byggingarfræðingur
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypthús	Steinsteypthús		
Útlit:	Einlyft; Reykháfur; Útitróppur	Tvílyft; Svalir; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Lóðinni var úthlutað 1946 til Karl Ágústssonar vélsmiðs sem var fyrsti eigandi og hönnuður hússins en teikningar hans voru samþykktar í mars 1952. og fyrsti eigandi hússins. Árið 1968 var samþykkt breyting á gluggapóstum og 2005 er húsið hækkað um eina hæð og úbygging byggð til suðurs.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Lágt	Einfalt hús án karakters.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Byggt á tímum innflutningshafta þegar lög sögðu til um hámarksstærð húsa. Húsið hefur verið stækkað mikið.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hornhús á svæði með hverfisverndarákvæði.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsið er mikið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið hefur nýlega verið gert upp.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Hverfisverndarákvæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025: Smágerður mæliskvarði sem einkennir hverfið haldist óbreyttur og þar með byggðamynstur hverfisins o.s.frv.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Fagtak hf.

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Sigurður Þorvarðarson. byggingafræðingur

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Aldamótahús



Teikning 1995



Febrúar 2020. M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	2013 Sólstofa	Gísli Gunnarsson, byggingafræðingur
Útveggir:	Hraunað	Hraunað		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Þakstál	Þakstál		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Tvílyft; Svalir; Útskot (karnap)	Tvílyft; Glerskáli/Sólstofa; Svalir; Innbyggður bílskúr		

Saga:

Eitt af fjórum nýlegum húsunum byggðum á sama tíma á svæðinu. Stærð og form hússins tekur mið af umhverfinu.

Á þessum stað eða þar sem nú er Brattakinn 1 og 3, Grænakinn 2 og 4 stóð áður Pípugerð Jóns Guðnasonar frá 1947 fram til ársins 1984 að hún stóð í vegi fyrir skipulaginu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Hús þar sem stærð og þakform tekur mið af umhverfinu.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið nýlegt og hefur ekki skapað sér sögu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hús á svæði með hverfisverndarákvæði.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er tiltölulega nýtt.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Hverfisverndarákvæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025: Smágerður mælikvarði sem einkennir hverfið haldist óbreyttur og þar með byggðamynstur hverfisins o.s.frv.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Jón Gunnarsson
 Hönnuður: Jón Gunnarsson
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt steypthús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Teikning 1952



Febrúar 2020. M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypthús	Steinsteypthús		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Gaflsneitt þak	Gaflsneitt þak	1978 12.7.1978 er samþykkt gluggabreyting án teikningar.	
Þakklæðning:	Bárustál	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypthús	Steinsteypthús	1993 Suðusturhlið klædd að utan.	Jón Þorkell Jakobsson, byggingatæknifræðingur
Útlit:	Einlyft; Ris; Útitróppur; Kjallari	Einlyft; Kvistir; Ris; Útitróppur; Kjallari	1997 Svalir í suðvestur, breyting á innra fyrirkomulagi.	Kristján Þórarinnsson, byggingafræðingur

Saga:

Jón Gunnarsson sjómaður teiknaði og byggði húsið en Björn Ólafsson var yfirmiður. Húsinu hefur lítið verið breytt nema gluggapóstum var breytt 1978 og austurgafi bárujánsklæddur 1993.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt hús í góðum hlutföllum
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Byggt á tímum húsnæðisskorts og innflutningshafta þegar lög sögðu til um leyfilega hámarksstærð húsa.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af götummynd á svæði með hverfisverndarákvæði.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Lítið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu vel haldið við.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Hverfisverndarákvæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025: Smágerður mælikvarði sem einkennir hverfið haldist óbreyttur og þar með byggðamynstur hverfisins o.s.frv.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Eiríkur Björnsson
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt timburhús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Sjónarhóll á Reykjavíkurvegi 22



Febrúar 2020. M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1980	Baðherbergi stækkað, hæð undir loft í Þór Sigurjónsson, stiga aukin.
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn	2019	Gólf kjallara lækkað, byggð einnar hæða útbýgging til norðausturs.
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		Fríðrik Fríðriksson, arkitekt
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Hraungrýti/grjót	Steinsteyp		
Útlit:	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Kjallari	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Útitróppur; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Eiríkur Björnsson sjómaður byggði elsta hluta hússins árið 1908. Hafði Eiríkur og fjölskylda hans flutt til Hafnarfjarðar frá Halldórsstöðum á Vatnsleysu 1907. Sólveig kona Eiríks fékk það hlutverk að velja húsinu lóð og valdi því stað á lóð efst í brekkunni við Reykjavíkurveg er þá var í eigu Garðakirkju. Útsýni var yfir fjörðinn og kom því nafnið að sjálfu sér, „Sjónarhóll“. Umsjón með byggingunni hafði Jóhannes Reykdal en yfirmiður var Eggert Böðvarsson og lauk smíðinni á jólaföstu 1908. Var Egill Eyjólfsson máleri fenginn til að mála skilti á húsið. Rauða rós á fagurgrænum stilk málaði Egill framan við heiti hússins. Síðar var það í höndum Árna Árnasonar málarameistara að endurmála skiltið en þá var það aðeins nafn hússins.

Magnúsi Guðbjartsson keypti húsið 1948 og þann 13. nóvember sama ár var honum var heimilað að setja húsið á lóð sína við Bröttugötu. Þá var byggður kjallari undir húsið og það lengt. Gestur Gamalélsson var þá húsasmíðameistari.

Þá var samþykkt stækkun á sjálfu húsinu og byggður kjallari undir það fyrir kyndingu, þvottaherbergi og litla íbúð. Hvorki finnst brunavirðing né teikning af Bröttukinn 5 eftir flutning. Breytingar á innra skipulagi hafa verið gerðar og fyrirliggjandi er samþykkt á stækkun húss og kjallara í austurátt.

Á Reykjavíkurvegi var húsið einbýli, en í Bröttukinn þrjúbýli. Árið 1980 var samþykkt íbúð í risinu.


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt timburhús em er talsvert breytt.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Flutningshús með áhugaverða sögu.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af götummynd á svæði með hverfisverndarákvæði.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsið mikð breytt, hefur verið lengt, byggður kvistur og útbýgging til norðurs. Gluggapóstum hefur verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Ytra byrði hússins þarfnast viðhalds.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Fríðað vegna aldurs. Hverfisverndarákvæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025: Smágerður mælikvarði sem einkennir hverfið haldist óbreyttur og þar með byggðamynstur
Verndarflokkar:	Fríðuð hús - fjólblár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Jafet Sigurðsson
 Hönnuður: Friðþjófur Sigurðsson. byggingafulltrúi
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt steipt hús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun:



Febrúar 2020. M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteipt	Steinsteipt	1998 Innra fyrirkomulag og gaffl klæddur að utan.	Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteipt	Steinsteipt		
Útlit:	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Svalir; Útitróppur; Útskot (karnap); Kjallari;	Einlyft; Kvistir; Portbyggt; Ris; Reykháfur; Svalir; Kjallari		

Saga:

Lóð úthlutað til Jafets Sigurðssonar bifreiðastjóra og Ingva Guðmundssonar veitingamanns 8.2.1955. Árið 1957 byggðu þeir húsið sem enn stendur, tvær hæðir og ris og áttu þeir jafnan hlut í húsinu. Innbyggðum bílskúr hefur verið breytt í geymslu og tómsundaherbergi. Árið 1960 reisti Jafet bílgeymslu eftir teikningu Friðþjófs Sigurðssonar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Form húss algengt á svæðinu.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Eitt af fáum húsum sem er hannað sem tvíbýlishús, nú þríbýli.
Umhverfisgildi:	Hátt	Vegna götumyndar og hverfisverndarákvæðis sem gildir um svæðið.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Útlit lítið breytt. Austurgaffl klæddur bárujárn og nokkrum gluggapóstum hefur verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Þakjárn orðið lélegt.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Hverfisverndarákvæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025: Smágerður mælikvarði sem einkennir hverfið haldist óbreyttur og þar með byggðamynstur hverfisins o.s.frv.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	


Fyrsti eigandi: Steinn og Bjargmundur Tryggvasynir.

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Ekki þekktur

Núverandi notkun:

Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt tmburhús



Grunnmynd teiknuð 1992



Febrúar 2020. M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1992 Anddyri byggt ofan á stétt, nyr eldhúsgluggi.	Helgi Bergmann Sigurðsson, arkitekt
Útveggir:	Bárujárn	Málmklæðning, formuð		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Ris; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bísag); Ris; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

13. nóvember 1948 sækja bræðurnir Steinn og Bjargmundur Tryggvasynir um byggingarleyfi fyrir íbúðarhús í Bröttukinn sem varð númer 7 og var Gestur Gamalíelsson byggingarmeistari.

1981 er teiknuð endurnýjuð hitalögn í húsið.

Í maí 1947 teiknar Jón Guðmundsson raflögn í hús Guðmunds Georgssonar sem þá er sagt heita Landakot Álftanesi. Á sömu teikningu er skráð að það sé flutt að Bröttukinn 7. Það hús er með einn hornglugga en hefur verið lengt og breytt í tengslum við flutning Litlar sem engar upplýsingar eru til um þetta hús sem er tvíbýlishús.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt tvíbýlishús.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Saga um flutning en annars litlar upplýsingar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af götummynd á svæði með hverfisverndarákvæði.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Ekki ljóst hvernig húsið leit upprunalega út. Aldur húss óljós.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu hefur verið haldið við.

Varðveislugildi: Miðlungs Hverfisverndarákvæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025: Smágerður mælikvarði sem einkennir hverfið haldist óbreyttur og þar með byggðamynstur hverfisins o.s.frv.


Verndarflokkar: Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Fyrsti eigandi: Eyjólfur Einarsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Sigurður Jón Ólafsson. Friðþjófur Sigurðsson, vefur
byggingafulltrúi

Núverandi notkun: Íbúð



Teikning 1951



Apríl 2020. M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Hlaðið, holsteinn	Hlaðið, holsteinn		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Reykháfur; Svalir; Útitróppur	Einlyft; Svalir; Útitróppur		

Saga:

Brattakinn 8 er höfundarverk Sigurðar S. Ólafssonar frá 1953. Lítið annað vitað um Bröttukinn 8, húsinu er vel við haldið en óljóst er hvenær gluggabreytingar voru gerðar og skorsteinn fjarlægður.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt hlaðið hús.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Byggt á tímum húsnæðisskorts og innflutningshafta þegar lög sögðu til um leyfilega hámarksstærð húsa.
Umhverfisgildi:	Hátt	Vegna götumyndat og er á svæði með hverfisverndarákvæði.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Gluggapóstum hefur verið breytt en að öðru leyti lítið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsinu vel haldið við.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Hverfisverndarákvæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025: Smágerður mælikvarði sem einkennir hverfið haldist óbreyttur og þar með byggðamynstur hverfisins o.s.frv.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi:
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - sveitserstíll

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Fyrir breytingu 1984



Febrúar 2020. M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1981 Útbygging hækkuð að austan.	Sigurður Þorleifsson, byggingatæknifræðingur
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	1985 Anddyri byggt við og svalir yfir því.	Jóhann Bergþórsson, verkfræðingur
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Inngönguskúr (bísлаг); Þortbyggt; Ris; Reykháfur; Kjallari	Einlyft; Þortbyggt; Ris; Reykháfur; Svalir; Útitróppur; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Húsið Brattakinn 9 er flutningshús það stóð áður suður í Garði og var kennt við þáverandi eiganda Einar Magnússon kennara og nefnt "Einarshús". Í Garði stóð það spölkorn frá fiskverkunarhúsunum, versluninni, símstöðinni ofl.

Það var Sigurbjörn Elíasson sem fékk samþykkt samþykki fyrir að flytja húsið árið 1949. Ingi Kristjánsson var skráður húsasmíðameistari.

Árið 1951 var húsið flutt í heilu lagi landleiðina sem þótti til tíðinda í þá daga.

Árið 1981 var útbygging eða inngönguskúrinn hækkaður og 1985 var byggður nýr inngönguskúr eða anddyri með svölum.


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Tmburhús í góðum hlutföllum.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Hús með sögu um flutning.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af götummynd og svæði með hverfisverndarákvæði.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Stækkun á húsi í góðu samræmi við upprunan.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið í góðu ástandi.

Varðveislugildi:	Hátt	Vegna aldurs og hverfisverndarákvæðis í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025: Smágerður mælikvarði sem einkennir hverfið haldist óbreyttur og þar með byggðamynstur hverfisins o.s.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Halldóra Ingimundardóttir
 Hönnuður: Sigurgeir Guðmundsson
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt hlaðið hús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Teikning 1951



Apríl 2020. M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Hlaðið, holsteinn	Hlaðið, holsteinn		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Útitróppur; Kjallari	Einlyft; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Lóðinni var úthlutað 1952 og var fyrsti eigandi hússins Halldóra Ingimundardóttir. Lítið er annars vitað um húsið. Austurhlíð hefur verið klædd með lóðréttri timburklæðningu og óvíst hvenær gluggabreyting va gerð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt hlaðið hús með valmaþaki, dæmigert fyrir svæðið.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Byggt á tímum húsnæðisskorts og innflutningshafta þegar lög sögðu til um leyfilega hámarksstærð húsa.
Umhverfisgildi:	Hátt	Vegna götummyndar og hverfisverndarákvæðis.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Aðeis gluggapóstum hefur verið breytt.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húinu vel haldið við.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Hverfisverndarákvæðis í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025: Smágerður mælikvarði sem einkennir hverfið haldist óbreyttur og þar með byggðamynstur hverfisins o.s.frv.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi:

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður:

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Timburhús - eldri gerð



Húsið við Kirkjuveg. Byggðasafn Hafnarfj.



Febrúar 2020. M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1956 Hús stækkað, bílskúr	Einar Jónsson
Útveggir:	Bárujárn	Málmklæðning		
Þakgerð:	Mænisþak	Einhalla (skúrþak)	1967 Húsið stækkað til austurs um 34 fermetra. Stækkun einhalla þak.	Þorsteinn Ingólfsson, byggingatæknifræðingur
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:		Steinsteypt	1974 Gluggabreyting og þakbreyting, einhalla.	
Útlit:	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Ris; Reykháfur	Einlyft; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Brattakinn 11 er að grunni til byggt fyrir aldamótin nítjánhundrað og stóð áður á Kirkjuvegi 4 en var flutt á núverandi stað árið 1950.

Það var Þorlákur Sigurðsson sem byggði bæinn árið 1890 en þegar Ólafur Sigurðsson sjómaður eignaðist bæinn var hann ævinlega kenndur við hann og nefndur Ólafsbær. Bærinn stóð nánast þar sem bílskúrin við Kirkjuveg 4 er nú.

Eftir að Snæbjörn Bjarnason eignast lóðina og bæinn byggir hann 1948 húsið sem þar stendur nú, Kirkjuveg 4 og þá auglýsir bæinn til sölu og flutnings. Árið 1950 í apríl samþykkir bygginganefnd að heimila Bjarna Ágústssyni flutning á húsinu/bænum við Kirkjuveg 4 samkvæmt teikningu dagsettri í apríl 1950 og er húsið flutt það ár. Stefán Sigurbentsson skráður byggingameistari. Nafn hans er ekki á elstu teikningunni en húsmíðameistari skráður Sigurvin Snæbjörnsson. Bjarni er fyrsti eigandi að Bröttukinn 11.

Í september 1956 sækir Bjarni Ágústsson um að breyta húsi sínu samkvæmt teikningu Einars Jónssonar en það er elsta teikningin af húsinu í Bröttukinn. Byggingameistari þá var skráður Sigurbent Gíslason.

Húsið var upphaflega íbúðarbær en því var breytt í hús við flutning og hefur verið stækkað síðan. Í dag er ekkert sem minnir á bæinn en áhugavert hvernig bæ var breytt í hús. Brattakinn 11 er annað af tveimur húsum sem vítað er um að bæ hafi verið breytt úr bæ í hús, en hitt húsið er Langeyrarvegur nr. 5.


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Lítið hús með stóra glugga.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Áhugaverð saga um hús sem hefur gengið gegnum miklar breytingar.
Umhverfisgildi:	Hátt	Vegna götummyndar og hverfisverndarákvæðis í aðalskipulagi.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið mikið breytt
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Þakkantar þarfnast viðhalds

Varðveislugildi:	Miðlungs	Vegna aldurs og hverfisverndarákvæðis í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025: Smágerður mælikvarði sem einkennir hverfið haldist óbreyttur og þar með byggðamynstur hverfisins o.s.
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjólublár litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Sveinn Jónasson
 Hönnuður: Sveinn Jónasson
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt hús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Fyrir breytingu 2010 (suður)



Apríl 2020. M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk		Teiknuð hæð og kvistir sem sennilega Sveinn Jónsson var ekki gert fyrir en 2011.
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:	Valmaþak	Mænisþak	2011	Þak endurnýjað og settir kvistir. Gísli Gunnarsson, byggingarfræðingur
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari	Tvílyft; Ris; Svalir; Turn; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Sveinn Jónsson húsgagnasmiður Öldugötu 24 sendi bréf til bæjarráðs dagsett 11.8.1949 þar sem hann fer fram á leyfi til að byggja einnar hæðar timburhús með valmaþaki við Bröttukinn og sé það í sama stíl og hús sem nú er nýbúið að flytja þangað (Brattakinn 7). Áætluð stærð hússins er 80-100 fermetrar. Friðþjófur Sigurðsson hefur handteiknað ódagsetta grunnmynd en fyrsta samþykkt teikningin er eftir Svein Jónsson og sýnir járnklætt timburhús á háum kjallara og kvistum í þaki. Athugasemd á teikningu: "Brattakinn 12 er ekki svona" en það gefur til kynna að húsinu hafi upphaflega verið með valmaþaki eins og teikning Gísla Gunnarssonar frá maí 2010 sýnir að hafi litið út fyrir breytingu sem síðan var gerð um 2011.


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfilt hús timburhús með stórum kvistum.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Byggt á tímum húsnæðisskorts og innflutningshafta þegar lög sögðu til um leyfilega hámarksstærð húsa.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af götummynd á svæði með hverfisverndarákvæði.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Grunnflötur óbreyttur en efri hluti mikið breyttur.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið nýuppgerð 2020.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Hverfisverndarákvæðis í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025: Smágerður mælikvarði sem einkennir hverfið haldist óbreyttur og þar með byggðamynstur hverfisins o.s.frv.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Sigvaldi Andr sson
 H nnu ur: Sigur ur J n  lafsson. verkfr  ingur
 Upphaflegur byggingarst ll: Einfalt timburh s

Upphafleg notkun:  b  
 N verandi notkun:  b  



Su urhli  fyrir breytingu 1977



Febr ar 2020. M.K.

Ger� h�ss:	Upphafleg	N�verandi	Helstu breytingar:	H�nnu�ir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1977 Steypt vi�bygging til nor�urs, svalir.	Sveinbj�rn Sigur�sson, byggingat�knifr��ingur
�tveggir:		Plast	Gluggabreyting.	
�akger�:	Valma�ak	Valma�ak	1983 St�kkun a� sunnan 1. h��, kl�tt a� utan.	Sigur�ur Þorleifsson, byggingat�knifr��ingur
�akkl��ning:	B�ruj�rn	B�ruj�rn	�ak breyttist.	
Undirsta�a:	Steinsteypt	Steinsteypt		
�tlit:	Einlyft; �titr�ppur; Kjallari	Einlyft; �titr�ppur; Vi�bygging; Kjallari		

Saga:

Fyrsti l  arhafinn fyrir l  inni Brattakinn 13 var P tur  . Bj rnsson en 1953 er h n komin   eigu Sigvalda Andr ssonar sem var jafnframt fyrsti eigandi h ssins.

H si  er h fundarverk Sigur ar J ns  lafssonar verkfr  ings en Ingi Kristj nsson s  um sm  ina.  ri  1977 var steypt vi bygging til nor urs  samt gluggabreytingum og sv lum.  ri  1983 er samþykkt st kkun   1. h   a  sunnan, h si  kl tt a  utan og  akbreyting.

Var veislumat:

Listr�nt gildi / Bygg. list:	Mi�lung	D�migert h�s � sv��inu.
Menningars�gulegt gildi:	H�tt	Byggt � t�mum h�sn��isskorts og innflutningshafta �egar l�g s�g�u til um leyfilega h�marksst�r� h�sa.
Umhverfisgildi:	H�tt	Vegna g�tumyndar og h�si� er � sv��i me� hverfisverndar�kv��i.
Upprunalegt gildi:	L�gt	Miki� breytt m.a. �akform.
T�knilegt �stand:	Mi�lung	H�si� � nokku� g��u �standi.

Var�veislugildi:	Mi�lung	Hverfisverndar�kv��i � a�alskipulagi Hafnarfjar�ar 2013-2025: Sm�ger�ur m�elikvar�i sem einkennir hverfi� haldist �breyttur og �ar me� bygg�amynstur hverfisins o.s.frv.
Verndarflokkar:	Var�veisluver� heild - gulur litur � korti	

Fyrsti eigandi: Steingrímur Benediktsson
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt steypthús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Teikning apríl 1979



Apríl 2020. M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypthús	Steinsteypthús	1979 Kvistur stækkaður á norðurhlíð og nýr kvistur á suðurhlíð.	Ágúst Knútsson, byggingatæknifræðingur
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað	1991 Viðbygging, garðstofa	Kristinn Már Þorsteinsson
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypthús	Steinsteypthús		
Útlit:	Einlyft; Kvistir; Ris; Reykháfur; Turn; Útitróppur; Útskot (karnap); Kjallari	Einlyft; Glerskáli/Sólstofa; Reykháfur; Útitróppur; Útskot (karnap); Kjallari		

Saga:

Fyrsti lóðhafi og eigandi að Bröttukinn 14 var Steingrímur Benediktsson trésmiður. Bilgeymsla eftir teikningu Steingríms var samþykkt árið 1954 og 1982 er samþykkt breyting á bilgeymslunni eftir teikningu Jóns Bergssonar verkfræðings. Árið 1979 er samþykkt útlitsbreyting, nýr kvistur á suðvesturhlíð hússins og kvistur á norðausturhlíð stækkaður. Árið 1991 er byggð garðstofa. Gluggapóstur hefur verið breytt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Hús í góðum hlutföllum
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Byggt á tímum húsnæðisskorts og innflutningshafta þegar lög sögðu til um leyfilega hámarksstærð húsa.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af götummynd á svæði með hverfisverndarákvæði.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Húsinu hefur lítillega verið breytt en hlutföllum haldið.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsin vel haldið við.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Hverfisverndarákvæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025: Smágerður mælikvarði sem einkennir hverfið haldist óbreyttur og þar með byggðamynstur hverfisins o.s.frv.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Fyrsti eigandi: Vilhjálmur Sveinsson
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: Einfalt skandínavískt hús

Upphafleg notkun:
 Núverandi notkun: Íbúð



Febrúar 2020. M.K.



Febrúar 2020. M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, stafverk	Timbur, stafverk	1981 20 fermetra viðbygging með valmaþaki til norðurs. Kjallari og	Friðþjófur Sigurðsson, byggingafulltrúi
Útveggir:		Málmklæðning		
Þakgerð:	Valmaþak	Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Útskot (karnap)	Einlyft; Svalir; Útskot (karnap); Kjallari		

Saga:

Elstu heimildir af Bröttukinn 15 er frá 1952 þegar samþykkt var að heimila Vilhjálmi Sveinssyni byggingu íbúðarhúss við „Bröttugötu“ Bröttukinn 15 samkvæmt teikningu, sem virðist glötuð. Byggingarmeistari var Guðjón Arngrímsson. Talið er að elsti hluti hússins sé sumarhús Vilhjálms H. Vilhjálmssonar sem stóð við Elliðavatn en ekki hefur það fengist staðfest. Í teikningasafni Hafnarfjarðar er elstu teikningarnar af Bröttukinn 15 frá 1981 en þá er samþykkt 20 fermetra viðbygging til norðurs.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Einfalt hús með ögn af skandínavískum mótternisma. Brunagöfl.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Byggt á tímum húsnæðisskorts og innflutningshafta þegar lög sögðu til um leyfilega hámarksstærð húsa.
Umhverfisgildi:	Hátt	Vegna götumyndar og hverfisverndarákvæði í aðalskipulagi.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Óvissa um upprunalegt útlit en byggt hefur verið við húsið.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið þarfnast viðhalds t.d. er þakjárn ryðgað.

Varðveislugildi:	Miðlungs	Hverfisverndarákvæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025: Smágerður mælikvarði sem einkennir hverfið haldist óbreyttur og þar með byggðamynstur hverfisins o.s.frv.
Verndarflokkar:	Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	


Fyrsti eigandi: Jón Ágústsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Kjartan Sveinsson. byggingatæknifræðingur

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi



Teikning 1969



Apríl 2020. M.K.

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Einhalla (skúrþak)	Einhalla (skúrþak)		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Reykháfur; Kjallari; Innbyggðut bílskúr	Einlyft; Útitröppur; Kjallari		

Saga:

Frá 1947 til 1965 voru Brattakinn 16 og 18 sama lóðin, leigutakinn var Kristinn Guðjónsson Holtsgötu 3. Var honum leigð lóðin í óákveðin tíma gegn því að víkja af lóðinni þegar þyrfti og fengi bætt hann bætt fyrir mannvirki en ekki lóðina. Kristni var þá sagt upp lóðasamningi og gert að fjarlægja mannvirkin fyrir 1. júní 1965 vegna skipulags. Kristinn var með hænsnabú á lóðinni.

Nýr lóðasamningur gerður í maí 1969.

Fyrsti eigandi hússins við Bröttukinn 16 var Jón Ágústsson bílamálari. Húsið er hönnunarverk Kjartans Sveinssonar byggingatæknifræðings en Hjálmar Ingimundarson sá um smíðina. Húsinu er vel viðhaldið og engar skráðar breytingar eru að finna í gagnagrunni.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:	Miðlungs	Stífhreint hús eftir Kjartan Sveinsson, felld inn í landslagið.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Annað af tveim húsum á svæðinu byggt eftir teikningu Kjartans Sveinssonar byggingafræðings.
Umhverfisgildi:	Hátt	Hluti af götummynd á svæði með hverfisverndarákvæði.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsinu hefur ekki verið breytt að utan.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu standi.

